



Aðalfundur Brunavarna Austur-Húnavetninga.

Miðvikudaginn 8. október 2008 var haldinn aðalfundur Brunavarna A-Hún. að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi.

Dagskrá:

1. Ársreikningar 2007
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra
4. Umræður um skýrslur
5. Afgreiðsla reikninga
6. Fjárhagsáætlun 2009
7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Ársreikningar 2007**

Ársreikningur 2007 lagður fram til kynningar.

Ársreikningur 2007 samþykktur með fyrirvara um leiðréttingu á framlögum sveitarfélaga.

2. **Skýrsla formanns**

Formaður kynnti skýrslu sína.

3. **Skýrsla slökkviliðsstjóra**

Slökkviliðsstjóri fór yfir helstu verkefni ársins 2007.

4. **Umræður um skýrslur**

Umræður urðu um skýrslu slökkviliðsstjóra.

Björn Magnússon óskaði eftir að upplýsingum um eldvarnareftirlit. Slökkviliðsstjóri sagði að farið var á 55 sveitabæi á árinu og yfirferð yrði lokið um áramót. Eldvarnareftirliti þarf að sinna á 3 ára fresti.

Umræður urðu um viðverukerfi. Ekki náðist samkomulag um tillögu stjórnar um viðveru nema að hluta sem felst í því að helgarvaktir verða á höndum fjögurra aðila. Formaður hyggst beita sér í því að eiga viðræður við slökkviliðsmenn með frekari breytingar í huga.

5. **Afgreiðsla reikninga**

Sjá lið 1.

6. Fjárhagsáætlun 2009

Umræður urðu um fjárhagsáætlun 2009.

Fjárhagsáætlun 2009 samþykkt.

7. Önnur mál

a) Endurnýjun á slökkvibifreið

Hugmynd um endurnýjun á slökkvibifreið vísað til stjórnar til frekari skoðunar.

Fleira var ekki bókað.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)
Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign)
Valgarður Hilmarsson (sign)
Ágúst Þór Bragason (sign)
Gróa Lárusdóttir (sign)
Björn Magnússon (sign)
Jens P. Jensen (sign)

Arnar Þór Sævarsson (sign)